

Ávarp Höllu Gunnarsdóttur, varaformanns VR, á mótmælafundi á Austurvelli 10. september 2024

Kæru félagar,

Fyrir nákvæmlega eitt hundrað árum síðan sátu Alþingismenn hér inni í þessu húsi og tókust á um nýja efnahagsstefnu Íhaldsflokksins, sem var forveri Sjálfstæðisflokksins. Stefnan féll ekki af himnum ofan. Hún var smíðuð af bankamönnum og hagfræðingum á alþjóðavettvangi og markmiðið var að vinda ofan af lýðræðislegum kröfum í Evrópu um að kostnaður af stríðinu yrði ekki borinn af verkafólki.

Þetta var niðurskurðarstefna, sem á ensku heitir *austerity*, og mætti kannski heldur kalla harðræðisstefnu.

Þá, líkt og nú, var deilt um orsakir verðbólgu en fylgjendur harðræðisins einblíndu eingöngu á ríkisútgjöld og laun almennings.

Þá, líkt og nú, var slagurinn við verðbólguna tekinn á grundvelli hugmyndafræði. Það voru ekki staðreyndir sem réðu för heldur stéttahagsmunir.

Þá, líkt og nú, var byrðunum varpað á venjulegt fólk með háum vöxtum, háu verði og kjararárnrnun.

Árið 1924 var skorið svo mikið niður að hér inni í þessum sal var Sparnaðarþinginu mikla líkt við Sláturfélag Suðurlands nr. 2.

Samhliða hækkaði Landsbankinn, forveri Seðlabankans, vexti sína í 8%. Eru þetta kunnugleg stef?

Niðurskurðarstefna er alþjóðlegt fyrirbæri. Hún felur ekki eingöngu í sér niðurskurð á útgjöldum hins opinbera, heldur líka háa vexti og atlögu að kjörum og réttindum launafólks. Hún er pólitísk stefna, sem tryggir hagsmuni *sumra* á kostnað *annarra*. Hún er ekki efnahagsleg nauðsyn. Ríkisfjármál eru ekki eins og heimilisbókhalld og það hefur verið margsýnt fram á að niðurskurðarstefna virkar ekki. Minni ríkisútgjöld leiða ekki til meiri hagvaxtar eða lægri skuldabyrði og háir vextir virka frekar illa gegn verðbólgu.

Háir vextir framleiða ekki meiri orku í Evrópu.

Háir vextir lækka ekki verð á nauðsynjum.

Háir vextir byggja ekki hús.

En hvað gerir þá hávaxtastefna og niðurskurðarstefna?

Hún stendur vörð um stórfyrirtæki og fjármagnsöfl.

Hún tryggir að byrðarnar af efnahagsástandinu lendi á herðum venjulegs fólks, á herðum okkar, á meðan hún passar þau sem eiga. Passar bankana. Passar allt liðið sem nú raðar sér í efstu línur tekjublaðanna. Passar fólkið sem auðgast á kostnað okkar hinna.

Það sem á sér stað í íslensku samfélagi akkúrat núna er enn ein eignatilfærslan.

Tilfærsla á eignum og fjármagni frá fólkinu sem skapar verðmætin og vinnur störf til þeirra sem mest eiga. Enn á ný horfum við upp á varðstöðu um fjármagnsöflin og hver á að borga?

Það erum við.

Við sem vinnum.

Við sem leigjum.

Við sem skuldum.

Á ný er verið að færa auðhringjum auðlindir að gjöf, hvort sem það eru firðir fyrir austan sem eru settir undir sjókvíeldi eða heiðar fyrir vestan sem á að tyrfa með vindorkuverum. Verið er að bora ný göt í ríkissjóð og í götin eru settir kranar sem einkaaðilar, innlendir og erlendir, geta skrúfað frá eins og þeim hentar. Kranarnir eru kallaðir ýmsum nöfnum, til dæmis „nýtt fyrirkomulag í húsnæðismálum hjúkrunarheimila“ eða „sértæk úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda“. En í rauninni eru þeir bara kranar. Ferðaleið frá okkur, úr ríkissjóði, til eignafólks.

Á meðan er okkur sagt að lausnin liggi í því að fólk með húsnæðisskuldir dragi meira saman, noti minni klósettpappír, kaupi lélegri matvöru og guð forði okkur frá að fara af heimili okkar í frí. Fáðu þér heldur minni mjólk út á grautinn. Eða hvað? Hvar á þessi sparnaður að koma niður?

Kæru félagar,

Ef taka þarf peninga úr umferð á Íslandi til að slá á verðbólgu og eftirspurn, þá þarf að taka þá þar sem þeir eru.

Þeir eru ekki í vösum venjulegs fólks. Þeir eru í miklu dýpri vösum.

Ég hvet okkur öll til að rísa upp gegn niðurskurðarstefnu. Hún er pólitísk hugmyndafræði og hún felur í sér varðstöðu um fjármagnið.

Við segjum nei við harðræði.

Við neitum að axla byrðarnar ein.

Við viljum samfélag fyrir fólk, ekki fjármagn.